

og er öfug við þá vísindalegu skoðun og skilning á náttúrunni, er ræður á ákveðnum tíma. En ljósar verður þetta orðað á þessa leið: Sú trúskoðun, er hjá siðlausum villimönnum bendir jafnvel á endurbætt, æðra, fullkomnara trúarbragðalegt stig, verður að dæmast sem hlæileg eða aumkunarverð hjátrú, er hún kemur í ljós hjá menntuðum manni vorra daga.

Það, sem trúarbrögð eru hjá villimanni, er í sjálfsu sér hjátrú hjá hverjum upplýstum manni, en það heimilar ekki hitt, er mörgum verður á, að telja allt tóma hjátrú hjá villimanninum. Svo framarlega sem maður hefir í hyggju, að lýsa trúarbragðalegi þróun og framsókn mannkynsins, þá verður að taka trúarbragðakerfin og fjöld trúarbragðanna eins og þau eru sem eiginleg trúarbrögð en ekki í heild sinni sem eintóma hjátrú. Hún er aftur á móti sem einn liður og þáttur í og með þeim, hver helzt þau eru. Þetta er eftir því, eins og áður er sagt, á hvaða sjónarhæð maður stendur.

Hjátrúin er mjög svo merkilegt fyrirbrigði, síselft breytandi um takmörk sín þannig, að jafnvel æðri og fullkomnari trúarbrögð meðal menntaðra þjóða geta nefnst hjátrú og villa, þegar hið vísindalega og trúarbragðalega sjónarmið þeirra hefst.

Paschal segir: „Öll röðmannanna á rás tímans má skoðast sem einn einasti maður, er síselft lifir og stöðugt lærir.“— Skoðanir á flestum hlutum breytast stöðugt, hægt og hægt, og hefjast. Fylgi trúin eigi með, þá verða innan umráðasviðs hennar ýms nátttröll, er uppi daga, þegar ljýsa tekur af dagsbjarma hinnar æðri þekkingar, og fáum vér þá eigi annað gjört en stimpla þau sem villur—sem slískar villur, er til samans teknar mynda þann andlega líkama, sem hjátrú heitir að réttu lagi.

Í mannkynssögunni felst innofin saga,— saga hinna mannlegu villna og gönuskeiða, og því er nú svo varið, að eftir því sem mannkynssagan víkkar og vex, vex stöðugt þetta fósturbarn hennar, og gagn eftirtektarvert er það, að einmitt nú á síðustu tímum virðist villubarnið taka gífurlegum framförum. Í þess botnlausu hít er einni skoðun af annari fleygt, og eigi sér fyrir endann. Sjónarhæðin á síðustu tím hefir hækkað stórkostlega, hinn andlegi skilningur vaxið risafetum. Út frá honum verður gengið, allt nær undir dómsord hans, og allt, sem hann fyrir-